

Sahara eyðimerkurmarabonið 2009; þátttaka Íslendinga

Rútan hlykkjaðist eftir þröngum glæfralegum vegi hærra og hærra upp snarbratta fjallshlíð. Regnið buldi á rúðunum. Úti fyrir fossuðu lækir niður hliðar og kletta og regnvatnið rann í stríðum straumum meðfram vegkantinum. Farþegar voru fremur þögulir og horfðu með undrunarsvip út um rúðurnar á það sem fyrir bar. Öðru hvoru var skipst á orðum á ýmsum tungumálum. Það mátti skynja taugaveiklun í loftinu í bland við furðu. Ég sat framarlega rétt fyrir aftan rútabílstjórann með gott útsýni fram á við og til hliðar. Við hlið mér sat Jakob frá Danmörku. Við vorum mættir tilbúnir til að takast á við keppnishlaup yfir Sahara eyðimörkina nálægt landamærum Marocco og Alsír. Þar áttum við von á að þurfa að kljást við allt að 40°C hita, þurrk og torfærur af ýmsum toga í heila viku en ekki beljandi rigningu eins og blasti við okkur nú. Gat verið að aðstæður væru gjörólíkar þessu, einungis í lítilli fjarlægð héðan frá úti í eyðimörkinni? Það var ekki nema von að undrunar og kvíða gætti hjá okkar og öðrum farþegum, sem flestir voru mættir þarna í sama tilgangi á leið frá flugvellingum í Quartzazate í Marocco áleiðis að upphafspunkti hlaupsins. Flestir höfðu lagt hart að sér í marga mánuði við tímafrekar og krefjandi æfingar til að takast á við það sem manna á meðal er gjarnan kölluð erfiðasta keppnisþraut sem völ er á á jarðkúlunni, “Marathon des sables”. Framundan var 24. keppnin af þessu tagi, sem haldin er einu sinni á ári um mánaðarmótin mars-apríl undir stjórn Frakka. Að venju var hlaupaleiðinni haldið leyndri fram á síðasta dag fyrir keppni sem þetta árið átti að vera 29. mars. Yfir 800 keppendur frá um 40 þjóðlöndum streymdu hvaðanæva að þennan dag í yfirfullum flugvélum til landingar á flugvellingum við Quartzazate í Marocco sunnan Atlasfjallanna þar sem víðáttumikil Sahara eyðimörkin tekur við.

Aðdragandinn að þessu hlaupi hjá mér var orðinn langur. Rekja má upphaf þess til árána í kring um síðustu aldamót, 1997 – 2001 þegar ég hafði verið virkur í þátttöku í ofurmarabonhlaupum. Á þeim árum fór ég ásamt félagamínnum Sigurði Gunnsteinssyni í nokkur 100 km hlaup sem haldin voru í ýmsum Evrópulöndum. Þreкраunin mikla í Sahareyðimörkinni bar þá oft á góma og frásagnir og myndefni sem okkur bárust af henni

höfðu yfir sér einhvern óskýranlegan dulúðlegan ljóma. En tíminn leið og heldur dró úr hlaupabátttöku minni á árunum næst eftir 2001, en draumurinn um þátttöku í hlaupi hlaupanna hvarf þó aldrei. Öðru hvoru varð ég vitni að sjónvarpsmyndskeiðum af hlaupinu á erlendum sjónvarpsstöðvum eða á veraldarvefnum sem sýndu fólk í mismunandi ásigkomulagi við og eftir þrekraunina. Það var sláandi að sjá sælusvipinn og gleðitárin hjá fjölmörgum þátttakenda sem náðu að klára raunina miklu þegar þeir komu í mark eftir um viku törn í eyðimörkinni við erfið skilyrði eftir að hafa lagt að baki yfir 200 km með allar vistir og viðlegubúnað á bakinu. Þetta hvarf ekki úr huga mér. Ég varð að prófa þetta. Þar kom að árið 2007 ákvað ég að slá til og sótti um þátttöku árið 2008. Þrátt fyrir margra ára biðlista hjá stórþjóðunum reyndist auðvelt að hleypa einum Íslendingi inn. Það tókst þó ekki betur til en svo að rétt í þann mund þegar ég ætlaði að fara að herða á þjálfuninni lenti ég í því að togná á læri haustið 2007 og varð því að afsala mér þátttökurétti 2008. Skömmu eftir hlaupið vorið 2008 sótti ég um á nýjan leik og var tekinn aftur inn. Vonir stóðu þá til að við yrðum tveir þátttakendurnir frá Íslandi, en starfsfélagi minn hafði þá fullan hug á að slá einnig til. Fljótlega varð þó ljóst að í þetta skiptið þurfti hann frá að hverfa vegna meiðsla. Seinna kom hins vegar í ljós að annar Íslendingur, Justin Bjarnason, sem alinn var upp í Englandi og búsettur þar, var einnig skráður. Við náðum sambandi hvor við annan skömmu fyrir upphaf hlaupsins í gegnum tölvupóst.

Ég hóf því æfingar einn af alvöru um haustið, 2008 og stóðu þær yfir í um hálf tveimur árum. Á því tímabili hljóp ég að jafnaði um eða yfir 100 km í viku hverri. Ýmis “svaðilhlaup” voru þreytt á tímabilinu, svo sem umhverfis Sveifluhálsinn vestan við Krýsuvík í aftakaveðri, kringum Þingvallavatn í hálfu og snjó í desember og frá Þingvöllum að Alþingishúsinu við Austurvöll, svo nokkuð sé nefnt. Ýmist hljóp ég með eða án bakpoka og mismikla þyngd, allt upp í 13 kg sem gat orðið sú þyngd sem ég þyrfti að byrja að hlaupa með. Er nær dró hlaupinu fór ég nokkrar ferðir klyfjaður með vatnsbrúsa og kartöflupoka í fjöruhlaup milli Þorlákshafnar og Eyrabakka. Flest hlaupin hljóp ég þó með hlaupafélögum mínum í Hlaupasamtökum Lýðveldisins, sem gerð eru út frá Sundlaug Vesturbæjar flesta daga vikunnar. Ég hafði þó fyrir reglu að taka alltaf minnst einn frídag frá hlaupum í hverri viku. Auk þessa gerði ég ýmsar styrktaræfingar

fyrir maga- og bakvöðva sem og fyrir efri hluta líkamans. Febrúarmánuður var mesti álagstíminn, en frá byrjun marsmánaðar fram að upphafi eyðimerkurhlaupsins í lok mars minnkaði ég hlaupaálagið kerfisbundið og hvíldi loks vel síðustu dagana fyrir hlaupið.



Mynd 1. Æft í fjörunni milli Þorlákshafnar og Eyrarbakka í febrúar 2009

Ég taldi mig því bærilega vel undirbúinn fyrir þrekraunina miklu þarna sem ég sat í rútunni á leið út í auðnina og óvissuna. Við Jakob ræddum saman á leiðinni og bárum saman bækur okkar varðandi undirbúning og skipulagningu. Við höfðum gengið í gegnum svipað þjálfunarferli á undanförunum mánuðum og undirbúningurinn síðustu daga hafði í senn falist í að lágmarka birgðar en gæta þess þó að hafa nægilega fæðuorku. En okkur var hætt að lítast á blikuna. Það virtist ekkert lát vera á votviðrinu. Framundan var dökkur skýjabakki. Þar kom að rútan staðnæmdist og sá orðrómur kvisaðist að vegurinn framundan væri í sundur vegna vatnavaxta og flóðs. Eftir drykklanga stund fóru rúturnar aftur af stað og ösluðu yfir vatnsföll sem beljuðu yfir vegi og torg. Óvissan jókst. Ferðin hafði tekið mun lengri tíma en til stóð. Það var tekið að dimma. Loks var tilkynnt í

hátalarakerfi að vegna flóða væri ekki unnt að dvelja í tjaldbúðum næstu nótt eins og til stóð og að fella yrði niður fyrsta hlaupið, sem vera átti daginn þar á eftir. Þess í stað yrðu þátttakendur keyrðir á nálæg þorpshótel og beðið átektu með frekari ákvarðanir. Það fóru um mann undarlega blendnar tilfinningar af leiða og léttleika við þessi tíðindi. Daginn eftir virtust veðurhorfur nokkuð betri. Á þriðja degi fór fram formleg skráning og afhending á öðrum farangri en þeim sem hlaupa átti með. Hann skyldi ferjaður á lokastað hlaupsins. Nú var kominn brakandi þurrkur og lofthiti jókst jafnt og þétt.



Mynd 2. Við upphaf hlaups, 30.03.09, Ágúst og Justin

Að morgni fjórða dags var ekið með alla hersinguna að upphafi fyrsta hlaupsins sem átti að hefjast um kl. 10:00 um morguninn. Fyrirhuguð hlaupaleið var nánast sú sama og hlaup nr. 2 hafði verið áætlað, 33 km. Við rásmarkið blöktu fánar allra þátttökupjóðanna við hún. Það voru stoltir Íslendingar, ég og Justin, sem stilltu sér upp við íslenska fánann fyrir myndatöku rétt fyrir ræsingu. Það ríkti mikil eftirvænting í loftinu. Skipuleggjendur ávörpuðu hlaupara, skýrðu aðstæður og tilkynntu breytingu á áætlun fyrir hlaupaleið næsta dags sem og að óvissa ríkti um hvar, hvort og hvenær þriðja hlaupaleiðin, sem vera átti sú lengsta, allt að 80 km, yrði. Síðan var talið niður í kór um leið og hávær þyrta sveimaði yfir höfðum okkar með hóp af myndatökumönnum innanborðs. Loks reið af hávært púðurskot. Hlaupið var hafið.



Mynd 3. Upphaf hlaups, 30.03.09

Fyrstu mínúturnar einkenndust af háværum orðaskiptum milli hlaupara, hlátrasköllum og mishröðum takti hlaupara sem voru að finna sinn rétta sess í mannþrönginni. Í fyrstu var hlaupið yfir miðlungsgrýtt sléttlendi með einmana lágvaxnar plöntur á stangli, en framundan blöstu við gulleitir sandhólar í fjarska. Smám saman minnkuðu orðaskiptin, og nágrannahlauparar liðu áfram með svipuðum hraða. Fyrir en varði vorum við komin að sandöldunum, sem reyndust mun hærri en sýndist úr fjarska. Nú hófst taktísk uppganga og niðurhlaup á víxl. Sandurinn reyndist vera mun þéttari en ég hafði haldið og legghlífar, sem ég notaði til að hindra að sandur kæmist í skóna sýndu sig nú að virka með ágætum. Hópurinn dreifðist talsvert yfir sandöldurnar þótt meginstefnan héldist sú sama og markaðist af stikum sem birtust með reglulegu millibili. Eftir drygklanga stund sá fyrir endann á þessum öldum og framundan birtust tvö rauð flögg þrælmerkt aðalstyrktaraðila hlaupsins New Balance. Við vorum komin að fyrstu áningarstöð hlaupsins í um 14 km frá upphafspunkti. Fram að þessu hafði ég gætt þess að drekka reglulega bæði orkudrykk og vatn sem ég bar með mér. Nú var komið að því að bæta á brúsana og fá sér góðan slurk af vatni áður en haldið var áfram. “Er allt í lagi”

spurði góðleg gæslukona rétt eftir að ég kom inn á áningarstöðina og hafði látið gata merkisþjald sem allir hlaupararnir þurftu að bera um hálsinn. Hún virtist vera með áhyggjusvip. “Já mikil ósköp, ég er í góðum gír” svaraði ég .



Mynd 4. Hlaupið og arkað um sandöldur

Nú var haldið áfram yfir lítilsháttar grýtt sléttlendi og stefna tekin á hæð framundan. Ég mjatlaði þetta áfram með jöfnum hraða og horfði öðru hvoru á hæðina framundan nálgast. Einhver byggð virtist vera þar. Gat verið að það væri þorp þarna framundan í miðri eyðimörkinni? Smám saman skýrðust útlínur og í ljós komu gamlar húsarústir. Við þræddum slóð í gegnum þessa eyðibyggð og leiðin lá upp á við. Áningarstaður nr. 2 kom skyndilega í ljós handan við hæðina. Aftur bætti ég við drykkjarbirgðirnar. Nú sveigði slóðin af beinu brautinni og stefndi yfir rytjulegar grónar hlíðar. Upp, niður, upp niður, upp, niður. Þetta var miklu betra og tilbreytingameira en slétti áfanginn milli síðust áningarstaða. Mér leið ljómandi vel og brosti út að eyrum. Klifur upp klettótt gil, fagurt útsýni. Framundan virtust vera sandhólar á nýjan leik. Já mikið rétt, í lokaáfangi dagleiðarinnar var boðið upp á “rússibanareið” um sandöldur.

Allt í einu birtust stórir hvítir turnar í fjarska, þá hvít tjöld rétt hjá og enn lengra í burtu svartar þústir sem reyndust vera tjöldin sem biðu hlauparanna. Það var steinsnar að lokaáfangi hlaupsins. Viljinn til að stíga yfir marklínuna var mikill og ég jók hraðann. Tónlist gall við. Óskiljanlegur hávaði úr gjallarhorni. Marklínan var innan seilingar. Ég starði á hvíta mottu undir skrautlegum markrammanum nálgast. Það var unaðslegt að heyra skerandi píphljóðið sem heyrðist þegar skynjarinn í mottunni sendi skilaboð til tölvunnar um að ég væri kominn í mark. Brosandi andlit allt um kring. Einhver óskiljanleg fagnaðarorð. Ég gekk aftan að næsta hlaupara á undan mér í biðröð til að taka við vatnsbrúsum. Við skiptumst á samhengislausum orðum og setningum sem lýstu hughrifum okkar, líðan okkar, hrifningu, gleði og fögnuði.

Fyrsta hlaupinu var lokið, 33 km hlaupaleið í afar fjölbreyttu landslagi. Þetta lofaði góðu. Ég var strax farinn að hlakka til næsta hlaups. Ég valdi mér tjald úr hópi nokkurra sem ætluð voru fámennum og skyldum þáttökulöndum. Með mér í tjaldi, sem gat hýst allt að átta manns, var einungis einn annar þáttakandi, Martin frá Danmörku. Tjaldið var líkast þykku strigakenndu teppi, haldið uppi af nokkrum viðardrumbum opið á tvo vegu. Timburdrumbunum var haganlega fyrir komið þannig að unnt var að opna, loka eða hlutloka báðum hliðunum að vild. Í botni tjaldsins voru strigamottur lagðar ofan á grýtan jarðveginn. Við komum okkur fyrir eins haganlega og frekast var unnt með þeim efnislitlu dýnum og svefnpokum sem við höfðum hlaupið með. Ég notaðist við svampdýnu sem ég hafði skorið til í lágmarksstærð og fyrirferðarlítinn og léttan svefnpoka sem ég hafði fengið að láni. Ég hvolfði í mig endurhæfingardrykk sem fyrirtækið Hreysti heima á Íslandi hafði góðfúslega látið mér í té stuttu fyrir brottför. Nákvæmri uppskrift af matarinntöku og orkudrykkju var fylgt það sem eftir lifði dagsins. Skammt frá, í herbúðum skipuleggjanda, voru ýmis þjónustutjöld. Þar var boðið upp á læknaþjónustu, sem og samskiptaþjónustu af ýmsum toga. Ég stillti mer upp í langa biðröð fyrir tölvusamskipti og hugðist senda tilkynningu um gang mála heim til konunnar minnar, Ólafar, í samræmi við áætlun. Hún hafði komið sér upp netfangalista yfir hóp vina og ættingja og hugðist framsenda efni frá mér til þeirra að undangenginni ritskoðun! Hverjum hlaupara var úthlutað mest 15 mín í tölvupóstsamskipti eða að öðrum kosti ákveðinn fjöldi innsláttar sem einungis var unnt að senda einum viðtakanda. Þegar ég

komst loks að hamraði ég inn samhengislausar lýsingar af upplifun dagsins eins hratt og ég mögulega gat þar til tölvan tók ekki við meiru og stöðvaði í miðri setningu. Það var eins gott að Ólöf, ritskoðaði þetta pár mitt áður en hún sendi það út um víðan völl, hugsaði ég. Ég skundaði aftur að tjaldinu mínu, en þar beið mín glaðningur sem ég var farinn að hlakka mikið til að berja augum. Í þann mund er ég hafði klárað að pakka niður og lágmarka allar birgðar fyrir hlaupið á síðasta degi fyrir brottför að heiman rétti konan mín mér lítinn plastpoka og sagði að ég yrði að taka þetta með mér í hlaupið. Það vegur einungis 3 grömm sagði hún! Pokinn var fullur af smá pappírsmiðum. Efst var leiðbeiningarblað þar sem fram kom að ég mætti opna einn stóran miða að loknu hverju áfangahlaupi sem og 5-7 litla miða. Nú var fyrsti “opnunartíminn” runninn upp! Það var mjög sérstök tilfinning að liggja þarna á hörðu undirlaginu í sólskjóli af Marccosku tjaldi í miðri Saharaeyðimörkinni, þreyttur og skítugur án nokkurra “sjálfsagðra” þæginda eða aðstöðu og tína upp hvern miðann af fætur öðrum með hvatningarörðum, heilræðum eða málsháttum frá vinum og ættingjum sem voru með hugann á sama stað.



Mynd 5. “Viðtalsmynd” tekin við tjaldbúðir 31.03.09; Ágúst

Litlar sem engar vísbendingar bárust fyrsta hlaupadaginn um hvert framhaldið yrði. Það var ekki fyrr en morguninn eftir þegar hlauparar voru að matast eða að gera sig klára fyrir annað hlaup að flokkur manna úr hópi skipuleggjenda gekk á milli tjalda, dreifði kortum of breyttri hlaupaleið og tilkynnti að hlaup dagsins yrði hringleið frá og til sömu tjaldbúða, um 36 km leið. Hlaupið hófst á slaginu kl. 9:00. Að þessu sinni var talsverður mótvindur í fyrstu sem breyttist í meðvind á bakaleiðinni. Á fyrri af tveimur áningarstöðum hlaupaleiðarinnar, í þann mund sem ég var að útbúa drykki, vatt sér að mér maður með upptökutæki og spurði hvort hann mætti hafa við mig viðtal sem birtast mundi á veraldarvefnum. Ég hélt það nú. Þar lýsti ég reynslu minni af hlaupinu sem af var, væntingum um áframhaldið, aðstæðum og fleiru. Að hlaupi loknu kom sami maður og tók myndir sem birtust með viðtalinu (sjá:

http://www.darbaroud.com/fr/html/mds/24mds/chouchous/24mds_chouchou_D177.php).

Sem fyrr var hlaupaleiðin fjölbreytt og skiptust á sandöldur, klettaklungur, sléttar sandauðnir og rysjóttar gróðurlendur. Reynslunni ríkari eftir gærdaginn var ég nú öruggari og hraðari en þá, enda kom á daginn að ég færði mig fram um allnokkur sæti milli hlaupa, úr 192. sæti í fyrsta hlaupinu í 113. sæti í öðru hlaupinu. Gat verið að ég væri að ofreyna mig svona daginn fyrir lengsta hlaupaáfangann? Í þokkabót fann ég fyrir særindum á tveimur tám vegna blöðrumyndunar. Ég hélt á vit læknaþjónustunnar til að leita ráða. Ég var tafarlaust drifinn inn á teppi þar sem ég var látinn leggjast á bakið með lappirnar upp á skemil innan um tug annarra hlaupara með svipuð vandamál. Þarna var okkur veitt fyrirmyndarmeðhöndlun sérfræðinga í blöðruaðgerðum og er skemmst frá því að segja að vandamálið var þar með úr sögunni. En hvað næst? Á morgun, 1. apríl hafði verið áætlað að hlaupa lengstu dagleiðina, um 80 km vegalengd, frá endastað hlaupsins í dag, sem nú hafði gjörbreyst vegna aðstæðna. Áætlunin gat því ekki staðist. Engar upplýsingar bárust frá skipuleggjendum og starfsmenn sem við spurðum virtust vita jafnlítið og við. Ýmiss orðrómur fór á kreik. Ýmist var talið að hætta ætti við næsta hlaup, stytta það eða lengja það. Þá var almennt álitnið að skipuleggjendur héldu áætlunum vísvitandi leyndum til að auka á spennu og óvissu! Líkt og áður var þessari óvissu ekki létt af fyrr en morguninn eftir.

Sem við Martin sátum að morgunverðarsnæðingi í tjaldinu okkar daginn eftir kom ung stúlka aðvífandi, dulítið spossk á svipinn, kraup niður hjá okkur og ávarpaði okkur á bjagaðri ensku: Þið eigið að hlaupa 91 km í dag! Hlaupið hefst eftir tvær klukkustundir. Hér er kort af leiðinni. Nokkrar spurningar? Við Martin stöðum til skiptis á stúlkuna og á hvorn annan og komum ekki upp orði fyrr en hún var á braut. Það var eins gott að hafa hraðan á og pakka saman þjónkur okkar hið skjótasta. Stuttu síðar gekk hópur innfæddra mussuklæddra starfsmanna og svipti tjöldunum fagmannlega ofan af höfðum keppenda þar sem þeir sátu flötum beinum við morgunverkin. Það átti að flytja tjaldbúðirnar um set. Framundan var lengsta dagleið í sögu Sahara maraþonsins, nokkurs konar “sárabót” fyrir að sleppa þurfti fyrsta hlaupinu! Ekki bara það, heldur var hlaupaleiðin með erfiðara móti og fól meðal annars í sér fjallaklifur og hlaup um stórar sandöldur. Þá var ljóst að verulegur hluti hlaupsins færi fram eftir sólsetur og í kolniðamyrkri en heimilt var að verja allt að 35 klukkustundum í að klára áfangann! Það fór óneitanlega um okkur. Þögulir og íbyggir gerðum við okkur klára, útbjuggum orkudrykki, pökkuðum saman búnaði og mat og komum hlutum sem haganlegast fyrir í bak- og kviðpokum.



Mynd 6. Tjaldbúðir

Ræsing var hefðbundin. Farið var yfir helstu minnisatriði varðandi hlaupið og hlaupaleiðina. Brýnt var fyrir mönnum að ofgera sér ekki í þeim langa áfanga sem framundan var, drekka vel, innbyrða saltpillur með reglulegu móti og nýta aðhlyningu og aðstöðu á áningarstöðum eftir þörfum. Eftir að hafa sungið afmælissönginn fyrir nokkra þátttakendur sem höfðu ákveðið að verja öllum afmælisdeginum í eyðimerkurhlaup var talið niður í kór uns rásskotið reið af.

Í minningunni eftirá situr lítið eftir varðandi fyrri hluta hlaupsins. Ég leið áfram í einhvers konar leiðslu milli þriggja fyrstu áningarstaðanna, átti lítil orðaskipti við aðra hlaupara og var með hugann við að innbyrða hæfilegt magn af orku, vatni og salti. Himininn var heiður og sólin gerði sig líklega til að “baka vandræði” um hádaginn. Hins vegar var nokkuð vindasamt á köflum, sem verkaði kælandi, en olli því, þess í stað, að fíngerður sandurinn þyrtaði upp þannig að nauðsynlegt reyndist að birgja fyrir vitin öðru hverju. Ég kom á þriðja áningarstað eftir 50 km á ágætis millitíma. Þar gaf ég mér góðan tíma, sinnti frumpörfunum, útbjó nýja orkudrykki og endurskipulagði mig með tilliti til þess að fyrr en varði færi að rökkva. Þar var öllum hlaupurum úthlutað sérstökum hólkum til að mynda sjálflýsandi vökvablöndur (ljómunarhólkar) sem nota átti þegar dimma tæki. Ég tók stefnuna í átt að fjalli sem var framundan í vesturátt. Trúlega á að fara fyrir þetta fjall hugsaði ég. En stefnan var ófrávíkjanleg beint á fjallið, upp gil sem þar var, upp, upp, upp, upp, uns komið var á toppinn! Þar var fyrir hópur hlaupara þegar mig bar að garði. Það var þegjandi samkomulag um að stoppa þarna, kasta mæðinni og líta yfir undurfagurt landslagið allt um kring. Sólin var nú lágt á lofti og skein beint í augun á okkur. Neðar og framundan blöstu við víðáttumiklar breiður af sandöldur. Ég geystist af stað niður bratta sendna fjallshlíðina sem varð meira og meira aflíðandi. Þegar komið var niður á sléttlendi mynduðu sandöldurnar framundan dulúðlegar tröllauknar skuggamyndir undan kvöldsólargeislunum fyrir handan og líktust risavöxnum fjallgörðum. Nú hófst sannkölluð “rússibanareið” um sandhóla, upp, niður, upp, niður, upp, niður. Skyndilega skall á niðamyrkur. Ég kveikti á ennisljósi. Með reglulegu millibili mátti greina sjálflýsandi græna ljómunarhólka sem vísuðu leiðina að fjórða áningarstað sem loks birtist upplýstur á stað þar sem sandhólarnir enduðu. Hér var okkur uppálagt að gera okkar eigin ljómunarhólka klára. Líkt og aðrir hlauparar gerðu, beygði

ég minn hólk þannig að skærgult ljós stafaði frá honum, festi hann aftan á bakpokann og hélt út í myrkrið í átt að áningarstað nr. 5. Nú hófst einn eftirminnilegasti kafli hlaupsins. Auk sjálflýsandi ljósastika með reglulegu millibili mátti greina gular ljósastikur hlaupara, sem virtust líða áfram á hægri hreyfingu í myrkrinu framundan. Geislar frá ennis- eða vasaljósum flöktu óreglulega til og frá. Öðru hvoru liðu þögulir lýsandi hlauparar hjá, ýmist fram- eða afturfyrir. Jarðvegurinn var grýttur og öðu hvoru birtust stallar framundan í þröngum ljósgeislanum frá ennisljósinu. Hér varð að fara varlega og hægt yfir. Skyndilega spratt eitthvað á leifturhraða framhjá ljósgeislanum mínum. Sjálfkrafa beindi ég höfðinu og ennisljósinu í áttina að fyrirbærinu og rétt sá í skottið á grænni eðli sem hvarf út í myrkrið. Framundan sá ég skyndilega skærbjartan grænan taum sem virtist teygja sig óendanlega langt til himins. Þetta var lasergeisla sem sendur var til himins frá fimmtu og síðustu áningarstöð hlaupsins til að vísa veginn þangað. Nú var þreytan óneitanlega farin að segja sín. Yfirferðin var hægari og síðustu kílómetrana að lasergeislauppsprettunni stikaði ég áfram í takfastri kraftgöngu í samfloti með tveimur öðrum hlaupurum. Það hríslaðist um mann gleðitilfinning að ná á síðustu áningarstöðina þegar tæpir 80 km voru búnir. Ég losaði mig við bakpokann um stundarsakir, tók góða gúlpsoða af vatni og þvingaði dísætun orkudrykk inn um varirnar af einskærri nauðsyn, þvert gegn allri löngun. Nú var að duga eða drepast. Einungis 12 km voru eftir. Ég hóf að beita mig sálfræði niðurtalningarinnar. Hversu oft hafði ég ekki hlaupið um 12 km á æfingahlaupum heima og fundist það létt verk. Því skyldi það ekki líka eiga við nú. Ég hélt sprækur út í myrkrið á nýjan leik. Nú virtust enn færri hlauparar vera í nánd. Hvar voru allir. Var ég að fara ranga leið? Nei þarna var græn ljósstika framundan og gott ef ekki gul stika flökti þarna í fjarska. Fyrir en varði var ég kominn upp að tveimur öðrum hlaupurum og hóf að stika áfram takfast með þeim. Þannig liðum við áfram drykklanga stund. Skyndilega kviknaði á skæru kastljósi framundan. Því er beint að mér. Má ég eiga við þig nokkur orð sagði rödd handan við ljósið. Er ég farinn að sjá ofsjónir og heyra ofheyrnir hugsaði. Ég kleip mig í handlegginn. Röddin heyrðist aftur. Hvernig líður þér? Skuggamynd af andliti birtist til hliðar við kastljósið. Þarna vor kominn sjónvarpstökumaður sem hóf að spyrja mig spjörunum úr um líðan, upplifun, álit á hlaupinu, hlaupaleiðina og fleira og fleira. Ég upplifði sjálfan mig sem áheyranda í fjarska sem heyrði mig gefa alls kyns yfirlýsingar. Að lokum kvaddi röddin mig og sagði

að einungis fimm kílómetrar væru eftir. Nú fór ég að hlaupa á nýjan leik! Ég náði meðhlaupurum mínum frá því rétt áðan og hljóp fram úr þeim. Daufur ljósbjarmi sást framundan. Smám saman birtist kunnugleg mynd, upplýstir turnbelgir sem vörðuðu marklínuna. Það var líkast því að keyra upp að upplýstri fámennri bensínstöð að næturlagi að koma að markinu, nema hvað tilfinningin var allt, allt önnur. Mynd af brosandí andlitum sem birtist mér handan við marklínuna mun seint hverfa mér úr minni. Andlitin voru eins og spegilmynd á vatnsfleti sem skyndilega hóf að gárast. Við féllumst í faðma.



Mynd 7. Einmana hlaupari við sólsetur, 01.04.09

Dagurinn á eftir var hvíldardagur. Hann fór að mestu í svefn. Ég hafði lokið við kílómetrana 91 laust fyrir miðnætti, 14 klukkustundum og 43 mínútum eftir ræsingu og lent í 138. sæti. Það var framar björtustu vonum. Hlauparar voru að koma í mark fram undir sólsetur næsta dags. Andrúmsloftið í tjaldbúðunum var afslappað og líkast því eins og að hlaupinu væri um það bil lokið. Þó var maraþonhlaup daginn eftir! Síðar hvíldardaginn var tilkynnt að næsta hlaup yrði síðasta áfangahlaupið og að 17 km hlaupi sem vera átti eftir maraþonið þyrfti að sleppa vegna röskunar á skipulagi. Eftir á að

hyggja má telja kraftaverk að skipuleggjendur hafi getað afstýrt því að allt hlaupið fór ekki farið fyrir ofan garð og neðan og hafi getað boðið upp á nýjar hlaupaleiðir í stað þeirra sem búið hafði var að skipuleggja með löngum fyrirvara.

Síðasti hlaupadagurinn heilsaði bjartur, stilltur og fagur. Hitinn jókst jafnt og þétt er á leið maraþonhlaupið og náði um 40°C um hádaginn. Sökum þess hve rakastig eyðimerkurlofsins er lágt var hitinn þó aldrei óbærilegur líkt og getur átt við um molluhita í röku loftslagi. Það virtist eins og margir hlauparar hefðu hugsað sér að fullnýta þá orku sem þeir áttu eftir í þetta síðasta áfangahlaup því hraðinn virtist umtalsvert meiri að jafnaði en í fyrri hlaupum. Ég hreifst með, yfir fjallgarða, grýttar sléttur, klappir, sanda og hóla. Er nær dró lokum hlaupsins fjölgaði innfæddum áhorfendum sem stóðu á lengdar og hrópuðu hvatningaorð á frönsku. Eftir að mér fannst ég hafa farið margsinnis fyrir hálsa og yfir hóla, í þeirri von og trú að loks blasti endamarkið við í allri sinni dýrð staulaðist ég upp bratta grýtta hlíð í átt að háværum hópi sem stóð efst á klettaskör. Þegar þangað var komið blasti langþráð sýn við, belgir, marklína, tjöld og fólksmergð á sléttu, að því er virtist í órafjarlægð. Ég renndi mér niður sendna fjallshlíð frá klettaskörinni, staðnæmdist eitt augnablik á sléttlendinu neðan við, setti undi mig hausinn og nýtti alla þá orku sem ég átti eftir í síðustu kílómetrana. Fæturnir virtust hreyfast vélrænt og tilfinningalaust fram og aftur, fram og aftur. Ég leit öðru hvoru upp til að sjá rautt flagg við marklínuna stækka og stækka er nær dróg endapunktinum. Ég upplifði að ég hlypi síðustu metrana feikihratt, og bandaði út höndunum og öskraði af veikum mætti þegar ég sté yfir endamarkslínuna. Hlaupið var búið.

Draumurinn sem ég hafði gengið með undanfarin ár hafði ræst. Ég hafði klárað “Marathon des Sables”, þrekaunina miklu í Sahara eyðimörkinni og hún stóðst allar væntingar og ríflega það. Á afstæðum mælikvarða hafði hlaupið gengið vel. Ég lenti í 140. sæti af tæplega 800 hlaupurum sem kláruðu og í 9. sæti af 103 keppendum í mínum aldursflokki (50 – 59 ára), en minningarnar um ógleymanlegar upplifanir taka þó öllu slíku fram. Á fimm dögum hafði mér verið kippt út úr “venjubundnu” lífi vesturlandabúans og fengið það hlutverk að kljást við ofurþraut, náttúruna og sjálfan mig.

Það var engu líkt. Eftir að hafa orðið viðskila um nokkra hríð sameinuðumst við íslendingarnir, ég og Justin á nýjan leik, glaðir og reifir að lokinni vel heppnaðri keppni. Við stilltum okkur upp fyrir framan myndavél og veifuðum stoltir íslenskum fána sem var sá fyrsti sinnar tegundar til að vera meðferðis í Sahara eyðimerkurmaráðinu.



Mynd 8. Í lok hlaups, 03.04.09; Ágúst og Justin

Á.K.

06.05.09